

Héraðssaksóknari,
Ólafur Þór Hauksson,
Skúlagötu 17,
101 Reykjavík.

K Æ R A

skv. 3. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

1. Inngangur

Þess er farið á leit við embætti héraðssaksóknara fyrir hönd:

Festu-lífeyrissjóðs, kt. 571171-0239, Krossmóum 4a, Reykjanesbæ,
Eftirlaunasjóðs íslenskra atvinnuflugmanna, kt. 650376-0809, Borgartúni 19,
Reykjavík,
Frjálsa lífeyrissjóðsins, kt. 600978-0129, Borgartúni 19, Reykjavík og
Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf., kt. 510169-4339,
Borgartúni 19, Reykjavík,
Brú lífeyrissjóðs (vegna Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar), kt. 491098-2529,
Sigtúni 42, 105 Reykjavík,

að embættið taki til rannsóknar eftirfarandi tilvik sem grunur leikur á um að feli í sér refsiverð brot af hálfu Magnúsar Ólafs Garðarssonar, kt. 030770-4639, fyrrum framkvæmdastjóra og stjórnarmanns United Silicon hf. og eftir atvikum annarra stjórnenda, stjórnarmanna og starfsmanna félagsins.

2. Málsatvik

Atvik máls þessa eru þau að félagið United Silicon hf. var stofnað 18. febrúar 2014. Hollenska félagið BIT Fondel BV fjárfesti jafnframt í verkefninu, samkvæmt upplýsingum sem veittar voru um félagið þegar það var kynnt fjárfestum. Samkvæmt samþykktum United Silicon hf. var tilgangur félagsins sá að byggja og gangsetja nýja kísilverksmiðju í Helguvík.

Undirbúningur að uppbyggingu kísilvers á Íslandi hafði þá raunar staðið yfir um nokkra tíð, samkvæmt upplýsingum frá félaginu. Búið var að undirrita hafnarsamning við Reykjanesbæ og Reykjaneshöfn og kaupsamningur um lóð undir byggingu kísilmálmverksmiðju í Helguvík. Þá lá fyrir umhverfismat, samþykkt af Skipulagsstofnun, sem heimilaði byggingu á að allt að 100.000 tonna verksmiðju. Einnig var búið að ganga frá sölusamningum við fjársterka aðila; BIT Fondel BV og Wacker Chemie AG, stærsta einstaka notanda kísils í heiminum, um kaup á 80% allrar kísilframleiðslu verksmiðjunnar.

Félagið Kísill III, sem stofnað var í tengslum við fjármögnun verkefnisins, fékk undanþágu frá Seðlabanka Íslands frá reglum laga um gjaldeyrismál.

Í framhaldinu voru undirritaðir frekari samningar sem allir lutu að rekstrargrundvelli verksmiðjunnar, svo sem fjárfestingasamningur við íslenska ríkið, raforkusamningur við Landsvirkjun og samningur við Landsnet um flutning á raforku. Þá gerði United Silicon hf. samning 21. maí 2014 um kaup á búnaði og efni vegna ljósbogaofns við Tenova Minerals Ltd. að fjárhæð 28.500.000 evra. Á sama tíma gerðu þessir aðilar með sér lánasamning þar sem kveðið var á um frestun á útgáfu reikninga sem nam 20% af útgefnum reikningum Tenova Minerals Ltd. til United Silicon hf. samkvæmt tiltekinni greiðsluáætlun.

Sumarið 2014 leitaði félagið eftir fjármögnun verkefnisins og fékk fyrirtækjaráðgjöf Arion banka sér til aðstoðar. Þegar fjárfestingin var kynnt var staða verkefnisins sögð mjög góð, þar sem búið væri að ganga frá öllum helstu samningum líkt og rakið hefur verið. Það sem þá stóð út af samkvæmt fjármögnunarkynningu var fjármögnun frá fjárfestum sem var sala á skuldabréfi Kísils III slhf. og endanlegt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun, en drög lágu þá fyrir. Var fjárfestingarkynningum meðal annars beint að helstu lífeyrissjóðum landsins, þar á meðal kærendum.

Þann 27. ágúst 2014 var fyrsta skóflustunga tekin að kísilverksmiðjunni í Helguvík. Miklar væntingar voru bundnar við þessa verksmiðju, bæði fyrir atvinnulífið í Reykjanesbæ og þá lýstu fyrirsvarsmenn United Silicon því yfir að verksmiðjan myndi skapa þjóðarþúinu auknar gjaldeyristekjur til framtíðar.

Á haustmánuðum voru félögin Stakksbraut 9 ehf. og United Silicon hf. sameinuð, en fyrrnefnda félagið hélt utan um lóð og starfsleyfi verksmiðjunnar. Þá gekk United Silicon hf. til samninga við Tenova Pyromet Minerals Ltd. um byggingu og uppsetningu á ljósbogaofni fyrir kísilverksmiðju félagsins. Stjórn félagsins fékk Verkfræðistofu Suðurnesja til að vinna kostnaðaráætlun og niðurstaða hennar gerði ráð fyrir að kostnaðurinn yrði í kringum 56 milljónir evra. Sú áætlun stóðst ekki.

Þann 10. febrúar 2015 var undirritaður samningur um kaup á skuldabréfum milli Kísils III slhf. annars vegar og kæranda þessa máls hinsvegar; Festu-lífeyrissjóðs, Eftirlaunasjóðs íslenskra atvinnuflugmanna, Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar, Frjálsa lífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. Með samningnum keyptu kærendur skuldabréf útgefin af Kísil III slhf., með ákveðnum skilmálum. Gaf félagið út skuldabréf 31. mars 2015 að fjárhæð 13.400.000 evrur með lokagjaldþaga 31. mars 2025. Fjármunina notaði Kísill III slhf. til kaupa á hlutabréfum í B-flokki í United Silicon hf. Í tengslum við skuldabréfaútgáfuna var gengið frá hinum ýmsu samningum milli aðilanna. Sama dag gaf United Silicon hf. út yfirlýsingu þess efnis að ljóst væri að hlutabréfaeign Kísils III slhf. í United Silicon hf. myndaði einu eign fyrrnefnda félagsins. Það hvernig tækist til í starfsemi United Silicon hf. væri grundvöllur endurgreiðslugetu Kísils III slhf. á skuld samkvæmt skuldabréfaflokknum. Af þeim sökum skuldbatt United Silicon hf. sig meðal annars til að veita skuldabréfaeigendum upplýsingar um rekstur félagsins.

Í stuttu máli sagt stóðust kostnaðar- og viðskiptaáætlanir United Silicon hf. í engu tilfelli. Í þrígang var leitast eftir auknu hlutafé til félagsins frá hluthöfum, þar með töldum kærendum þessa máls,. Kísilmálmverksmiðjan í Helguvík var gangsett í fyrsta sinn 13. nóvember 2016. Ítrekuð vandamál komu þá upp í tengslum við búnað og tengd atriði sem leiddu af sér mengun sem Umhverfisstofnun gerði athugasemdir við. Í febrúar 2017 veitti stofnunin United Silicon hf. tiltekinn frest til úrbóta ellegar yrði rekstur verksmiðjunnar stöðvaður. Rekstrargrundvöllur verksmiðjunnar stóð á brauðfótum.

Það var svo í febrúar 2017 að breytingar urðu á stjórn félagsins og inn komu fulltrúar fjármögnunaraðila, en áfram voru forsvarsmenn verkefnisins, Magnús Garðarsson og aðilar honum tengdir, viðriðnir reksturinn. Síðar átti svo eftir að koma fram hversu víðtækt umboð Magnús Garðarsson hafði haft til að stýra og skuldbinda félagið og hvernig hann hafði farið með það umboð og brotið af sér að virðist, sem er án ef liður í hversu illa hefur farið í rekstri verksmiðjunnar.

Síendurteknar bilanir í búnaði verksmiðjunnar ollu félaginu miklu tjóni og voru þessir rekstrarerfiðleikar félaginu ofviða. Í ágúst 2017 var stjórn United Silicon hf. veitt heimild til greiðslustöðvunar til þess að freista þess að ná bindandi nauðasamningum við lánardrottna og rétta við reksturinn. Umhverfisstofnun stöðvaði rekstur United Silicon hf. í byrjun september 2017.

Í september 2017 varð aðilum það ljóst að mögulega væri annað og meira að baki þeim miklu rekstrarerfiðleikum sem United Silicon hf. stóð frammi fyrir. Sendi stjórn United Silicon hf., í samráði við lögmann félagsins og aðstoðarmann í greiðslustöðvun, kæru til embættisins um mögulega refsiverða háttsemi Magnúsar Ólafs Garðarssonar, fyrrum framkvæmdastjóra og stofnanda félagsins. Samkvæmt fréttatilkynningu grundvallaðist kæran á grun stjórnar um stórfelld auðgunarbrot og skjalafals allt frá árinu 2014. Þá hefur komið fram við athuganir á félaginu að stjórn félagsins veitti Magnúsi Ólafi víðtæk umboð og heimildir til að skuldbinda félagið og virðist Magnús í mörgu hafa getað farið með reksturinn og fjármuni félagsins eins og um hans eign væri að ræða. Verulega virðist hafa skort upp á eftirlit og aðhald stjórnar allt þar til að nýir stjórnarmenn koma inn í félagið í febrúar 2017 og farið er í nánari greiningu á rekstri og vandræðum félagsins.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness þann 22. janúar 2018 var bú United Silicon hf. tekið til gjaldþrotaskipta.

3. Grunur um brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga og e.a. sérrefsilöggjöf

(a) Samningar United Silicon hf. við Tenova Minerals Ltd.

Líkt og rakið var hér að framan voru undirritaðir tveir samningar milli United Silicon hf. og Tenova Minerals Ltd. annars vegar um kaup á búnaði og efni í tengslum við ljósbogaofn

að fjárhæð 28.500.000 evra¹ og hins vegar lánasamningur um 20% greiðslufrestun á útgefnum reikningum af hálfu Tenova Mineral Ltd. Fyrir liggur að stjórn United Silicon hf. ákvað á fundi stjórnar 20. maí 2014 að veita Magnúsi Ólafi Garðarssyni heimild til að gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna samnings við Tenova Minerals Ltd. Magnús var þá stofnandi og hluthafi í United Silicon hf. en gegndi engri trúnaðarstöðu fyrir félagið.

Endurskoðunarfyrtækið KPMG vann skýrslu fyrir United Silicon hf. sem byggði á skoðun KPMG á bókhaldsgögnum United Silicon hf. og upplýsingum frá stjórnendum og endurskoðendum. Skýrsluhöfundar höfðu samband við fyrirsvarsmenn Tenova Minerals Ltd. vegna framangreindra samninga. Í skýrslunni er greint frá því að fyrirsvarsmenn Tenova Minerals Ltd. hafi talið Magnús hafa haft heimild stjórnar til undirritunar lánasamningsins þar sem vísað hafi verið sérstaklega til hans í viðauka 8 við samning um kaup á búnaði o.fl. Við skoðun á frumriti kaupsamningsins sem varðveitt var hjá United Silicon hf. var hins vegar ekki að finna slíka tilvísun. Við samanburð á viðaukunum, annars vegar þeim sem vistaður var hjá United Silicon hf. og hins vegar þeim sem Tenova Minerals hafði hjá sér, kom í ljós að viðaukarnir voru eins að frátalinni tilvísun til lánessamningsins sem eingöngu var að finna í eintaki Tenova Minerals. Telur KPMG að átt hafi verið við viðaukann.

Grunur er um að með framangreindri háttsemi hafi verið brotið gegn 155. gr. alm. hgl. um skjalafals.

Í skýrslu KPMG kemur enn fremur fram að Magnús Garðarsson hafi stofnað bankareikning í Danmörku í nafni United Silicon hf. sem hann hafi vísitandi leynt fyrir félagsstjórn og öðrum stjórnendum félagsins. Á grundvelli lánasamningsins voru allir reikningar útgefnir af Tenova Minerals Ltd. til United Silicon hf. lækkaðir um 20% með vísan til: „Amount moved to later invoicing.“ Að beiðni Magnúsar hafi sú hlutfallsfjárhæð síðan verið lögð inn á framangreindan bankareikning, sem Magnús síðan hagnýtti sér í eigin þágu. Stóð Tenova Minerals Ltd. í þeirri trú að tilvitnaður bankareikningur væri í eigu United Silicon hf.

Grunur er um að með framangreindri háttsemi hafi verið brotið gegn 248. gr. alm. hgl. um fjársvik. Beindist háttsemin að verulega miklum verðmætum.

(b) Grunur um misnotkun á fjárfestingaleið Seðlabanka Íslands

Við stofnun United Silicon hf. voru meðal annars ræddar leiðir til fjármögnunar verkefnisins. Gerðu stofnendur félagsins með sér samkomulag um að nýta sér svokallaða fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands sem þá tryggði allt að 20% virðisaukningu á það erlenda fjármagn sem skipt var í íslenskar krónur í gegnum fjárfestingaleiðina.

Líkt og greinir að framan voru félögin Stakksbraut 9 ehf. og United Silicon hf. sameinuð á haustmánuðum 2014. United Silicon hf. tók þar með yfir allar eignir og skuldbindingar Stakksbrautar 9 ehf. Í skýrslu KPMG kemur fram að langstærsti hluti eignfærslu Stakksbrautar 9 ehf. hafi verið byggður á reikningi frá félagi að nafni Pyromet Engineering BV – félags í eigu Magnúsar Garðarssonar. Í skýrslunni segir að Stakksbraut 9 ehf. hafi greitt samtals um 1.150.000.000 króna til Pyromet Engineering BV. Þá voru

¹ Jafnvirði 4.389.975.000 króna miðað við miðgengi (154,35 kr.) Seðlabanka Íslands þann 20. maí 2014.

316.000.000 krónur greiddar inn á reikning Pyromet, á tímabilinu 9. september 2014 til 27. ágúst 2015, þ.e. eftir að Stakksbraut 9 ehf. var sameinað United Silicon hf. Reikningarnir virðast hins vegar aldrei hafa verið bókaðir í bókhaldi United Silicon hf. Í skýrslunni segir orðrétt: „Án þess að hafa fyrir því staðfestingu eða gögn til rökstuðnings er hugsanlegt að tilgangurinn með þessum fjárhagsfærslum eftir að S9 er sameinað Usi hafi verið að misnota fjárfestingarleið Seðlabankans. Mikilvægt er að það verði kannað nánar. Alls er um að ræða reikninga að fjárhæð 393 m.kr. sem þannig fara í gegnum bankareikning S9 eftir að það er sameinað, þ.e. 316 frá PE og 77 m.kr. frá SMV.² en sá reikningur er væntanlega falsaður.“

Grunur leikur á um að framangreindar fjárhagsfærslur hafi Magnús framkvæmt í þeim tilgangi að afla sér, eða félögum í hans eigu, fjárvinnings.

(c) Tilhæfulausir reikningar

KPMG bendir á í skýrslu sinni að grunur leiki á um að sjö reikningar frá Pyromet Tecnologia Elettrodica SRL samanlagt að fjárhæð 4.230.904 evrur hafi verið tilhæfulausir. Reikningarnir voru gefnir út á tímabilinu 5. desember 2014 til 20. október 2015. Reikningarnir voru allir greiddir af United Silicon hf., inn á bankareikning á Ítalíu sem talinn er tengjast Magnúsi Garðarssyni eða félögum á hans vegum.

Grunur er um að með framangreindri háttsemi hafi verið brotið gegn 248. gr. alm. hgl. um fjársvik.

(d) Úttekt af bankareikningi Geysis Capital ehf.

Þann 1. desember 2016 keypti United Silicon hf. alla hluti í félaginu Geysis Capital ehf. sem þá var í eigu USI Holding BV. Í skýrslu KPMG er bent á að Magnús Garðarsson hafi framkvæmt úttekt af bankareikningi í eigu Geysis Capital ehf. að fjárhæð 2.000.000 króna sem síðan var lögð inn á reikning í eigu Kísils III slhf. Úttektin var gerð 25. ágúst 2017, en Magnús gegndi þá engri trúnaðarstöðu fyrir United Silicon hf.

Grunur er um að með framangreindri háttsemi hafi verið brotið gegn 247. gr. alm. hgl. um fjárdrátt.

Telja kærendur að blekkingum hafi verið beitt í því sambandi og átt hafi verið við áætlanir og upplýsingar í þeim tilgangi að fegra stöðu félagsins og leyna þeim kerfisbundnu auðgunarbrotum sem virðast hafa verið stunduð í skjóli félagsins. Þá telja kærendur að í ljósi þess sem nú er komið fram að rannsaka þurfi hvort fjármunir félagsins United Silicon hf. hafi að hluta verið nýttir mögulega með ólögumætum hætti til að fjármagna að hluta þátttöku Magnúsar Garðarssonar eða félaga tengdum honum í hlutafjárhækkunum félagsins sjálfs.

Skiptum á protabúi United Silicon hf. er ekki lokið, en ljóst er að eignir búsins eru takmarkaðar og að endurheimtur almennra kröfuhafa eru litlar eða engar.

² Vísun í Silicon Mineral Ventures BV, dótturfélag hollenska fyrirtækisins Fondel sem sérhæfir sig í að útvega hráefni fyrir ýmiskonar framleiðslu í Evrópu.

Það er erfitt fyrir kærendur að leggja mat á mögulegan þátt annarra í þeim brotum sem fyrrum framkvæmdastjóri er grunaður um, en svo virðist sem að fyrrum stjórnarmenn, sem flestir voru tengdir honum, sem og nánustu samstarfsmenn hafi lítið sinnt athafna- og aðgæsluskyldum sínum svo sem hvað varðar aðskilnað starfa og uppáskrift reikninga. Líkt og rakið hefur verið sóttu forsvarsmenn félagsins eftir verulegt fjármagni frá kærendum vegna kísilverksmiðjunnar auk þess sem starfsemin hafði mikla tengingu við almanna hagsmuni. Því hefðu forsvarsmenn félagsins átt að gæta vel að aðgæsluskyldum sínum, en miðað við upplýsingar sem nú eru framkomnar virðist sem stjórn hafi falið Magnúsi Ólafi Garðarssyni nær ótakmarkað umboð til að ráðstafa fjármunum og til að skuldbinda félagið. Því verður að fara fram á rannsókn á þeim þætti málsins.

Með kærni þessari er leitað atbeina embættis héraðssaksóknara til þess að hefja lögreglurannsókn á meintu misferli í rekstri félagsins United Silicon hf. Beinist kærni þessi að Magnúsi Ólafi Garðarssyni og eftir atvikum öðrum sem kunna að hafa verið viðriðnir, með athöfnum eða athafnaleysi, þau brot sem uppi er grunur um.

Kærni þessi fylgir í kjölfar kærni félagsins á hendur framkvæmdastjóra en kærendur telja að möguleg brot hans snúi að hluta til með öðrum hætti að hagsmunum þeirra en félagsins sjálfs auk þess sem þeir hafi sjálfstæða hagsmuni af því að fylgja kærinni eftir.

Reykjavík, 27. mars 2018



Stefán Árni Auðólfsson lögmaður